

**145. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
22. október 2020 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2007137 - Frumhvæðisathugun á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við íslensk stjórnvöld

Kynning á skýrslu umboðsmanns Alþingis á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við íslensk stjórnvöld.

Lagt fram.

2. 1911114 - Þorpið- framtíðarsýn

Umfjöllun um framtíðarsýn og skipurit Þorpsins frístundamiðstöðvar.

Lagt fram og vísað til næsta fundar.

3. 2002139 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs 2020

Seinni úthlutun þróunarsjóðs skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráð ákveður að setja eftirfarandi verkefni í forgang; líðan og geðheilbrigði barna og ungmenna.

4. 2010176 - Niðurgreiðsla vegna dvalar barna hjá dagforeldrum 2020

Umfjöllun um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum.

Lagt fram og vísað til formlegra afgreiðslu í fjárhagsáætlunarvinnu vegna ársins 2021.

5. 2002322 - Námsleyfi í leikskólum

Tillaga að úthlutun 2021.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur að útlutun og vísar til formlegrar afgreiðslu í fjárhagsáætlunarvinnu vegna 2021.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign (BD, RBS, SMS, VJ, FES)

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:20.

